



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 32/2011 um útnefningu Mílu ehf. og Símans hf. með skyldu til að veita alþjónustu í fjarskiptum á starfssvæði sínu.

1.

Inngangur

Með ákvörðun nr. 25/2007, útnefndi Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) Símann hf., Mílu ehf. og Já Upplýsingarveitur með skyldur til að veita alþjónustu hér á landi. Upphaflega útnefningin gildi til loka ársins 2010, með mögulegri framlengingu um eitt ár. PFS tilkynnt fyrirtækjunum með bréfi, dags. 5. nóvember að stofnunin hygðist framlengja þær alþjónustuskyldur sem hvíldu á fyrirtækjunum, samkvæmt ákvörðun PFS nr. 25/2007 um eitt ár eða til 31. desember 2011.

Ástæða þess að útnefningartímabilið var ekki lengra var fyrst og fremst sú að á árinu 2007 var hafin endurskoðun á vegum framkvæmdarstjórnar ESB á þeim tilskipunum sem þá giltu um fjarskipti. Áætlaði Framkvæmdarstjórnin að þeirri endurskoðun lyki á árunum 2009 eða 2010. Gekk PFS því út frá þeirri forsendu að fyrir lok útnefningartímabilsins væru komin í gildi ný fjarskiptalög hér á landi sem byggðu m.a. á hinum endurskoðuðu tilskipunum.

Með ákvörðun PFS nr. 22/2011 voru alþjónustuskyldur Já upplýsingarveitna endurnýjaðar að því er varðar útgáfu símaskrár og rekstur upplýsingaþjónustu um símanúmer. Gildistími ákvörðunarinnar er til 30. júní 2014.

Samkvæmt þessu renna aðrar kvaðir sem hvíla á fyrirtækjunum út um næstu áramót.

Eins og áður sagði eru tilskipanir ESB um fjarskiptamál teknar til endurskoðunar með reglulegu millibili með tilliti til þróunar fjarskiptamarkaðarins og þeirrar tækni sem hann byggir á. Framkvæmdastjórn ESB lagði fram frumniðurstöður sínar um þörf á breytingum á gildandi regluverki árið 2006 og í kjölfar þess hófst samráðsferli sem á endanum leiddi til setningar þriggja nýrra ESB gerða. Það er í fyrsta lagi tilskipun 2009/140/EB sem felur í sér breytingar á þremur tilskipunum frá 2002, en það eru tilskipun 2002/21/EB

(Rammatilskipunin), tilskipun 2002/19/EB (Aðgangstilskipun) og tilskipun 2002/20/EB (Heimildartilskipunin). Önnur ný tilskipun er nr. 2009/136/EC sem breytir ákvæðum tilskipana 2002/22/EB (Alþjónustutilskipunin) og 2002/58/EB (Tilskipun um friðhelgi einkalífs og rafræn fjarskipti). Það var hins vegar ekki fyrr en í haust að Innanríkisráðuneytið birti á vef sínum drög að breytingum á gildandi fjarskiptalögum sem hafa það að markmiði að uppfæra fjarskiptalög hér á landi til samræmis við ofangreindar tilskipanir. Í ljósi þess að ekki er ennþá búið að taka framangreindar tilskipanir upp í EES-samninginn verður frumvarpið ekki lagt fram fyrr en á árinu 2012.

Í frumvarpsdrögunum eru lagðir til nokkrar breytingar á núgildandi 19. og 20. gr. fjarskiptalaga. Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna, sbr. 12. gr. frumvarpsins

„a. 3. mgr. 19. gr. orðist svo:

Til alþjónustu telst eftirfarandi:

- a. tenging við almennt fjarskiptanet um fastan nettengipunkt, sem gerir kleift að nota talsímaþjónustu, símbréfaþjónustu og gagnaflutningsþjónustu með hraða sem er nægilegur til að veita hagnýtan aðgang að internetinu, að teknu tilliti til ráðandi tækni sem notuð er af meirihluta áskrifenda og hvort það sé tæknilega mögulegt,*
- b. almenn talsímaþjónusta um tengingu skv. a. lið,*
- c. þjónusta við fatlaða eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir,*
- d. símaskrá og upplýsingaþjónusta um símanúmer, sbr. 3. mgr. 45. gr.*
- e. almenningssímar eða aðrir tengipunktar aðgengilegir öllum sem gefa kost á talsímasambandi, sem staðsettir skulu skv. ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.*

b. Á eftir 5. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Póst- og fjarskiptastofnun skal gera ráðstafanir til að tryggja fötluðum aðgang að almennri talsímaþjónustu, númeraupplýsingaþjónustu, símaskrá, útvarpsþjónustu, neyðarsímsvörum og annarri gjaldfrjálsri þjónustu sem veitt er símleiðis í félagslegum tilgangi, í sama mæli og öðrum notendum og á viðráðanlegu verði. Einnig skal stuðla að því að fatlaðir geti valið milli þjónustuveitenda á sama hátt og aðrir notendur. Póst- og fjarskiptastofnun skal hvetja til framboðs á endabúnaði fyrir fatlaða og notkunar viðkomandi staðla sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um þjónustuframboð til fatlaðra.“

Þá eru lagðar til eftirfarandi breytingar á 20. gr. núgildandi laga, sbr. 13. gr. frumvarpsdraganna:

„Á eftir 1. mgr. 20. gr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Ef fjarskiptafyrirtæki sem falið hefur verið að veita alþjónustu hyggst láta af hendi til annars aðila aðgangsnét sitt eða verulegan hluta þess skal tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um það með hæfilegum fyrirvara, svo leggja meg á áhrif þess á framboð fastra fjarskiptatenginga og talsímaþjónustu. Ef aðstæður krefjast má af slíku tilefni leggja á, breyta eða fella niður alþjónustuskýldur.

Þriðja málsgrein orðast svo:

Ráðherra setur reglugerð til nánari útfærslu á umfangi alþjónustu, sem meðal annars kveður á um lágmarksgæði alþjónustu, svo sem

lágmarksgagnaflutningshraða og framboð þjónustu og notendabúnaðar fyrir fatlaða eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir.“

Frumvarpið hefur hins vegar ekki, eins og áður segir, verið lagt fyrir Alþingi og því óvíst á þessari stundu hver hin endanlega niðurstaða verður. Stofnunin telur því eðlilegt að núgildandi alþjónustukvaðir sem í dag gilda um starfsemi Símans og Mílu verði láttnar gilda óbreyttar þar til heildarendurskoðun þeirra getur farið fram á grundvelli hina nýju ákvæða og/eða reglugerða sem kunna að verða settar í kjölfarið á gildistöku laganna.

2.

Alþjónustuskýldur Símans og Mílu

Eftirfarandi kvaðir gilda í dag að því er varðar þjónustu Símans og Mílu:

2.1.

Kostnaður við hverja tengingu

Allar beiðnir notenda um aðgang að almenna talsímakerfinu og aðgang að almennum gagnaflutningi með allt að 128 kb/s flutningsgetu skal skoða sem sanngjarnar af hálfu alþjónustuveitanda, ef áætlaður kostnaður við að verða við beiðninni fer ekki yfir 650.000- (án vsk.), á hverja tengingu og umsækjandi samþykkir að greiða stofngjald samkvæmt gjaldskrá alþjónustuveitanda.

Ef áætlaður kostnaður er meiri en 650.000-, skal alþjónustuveitandinn einnig verða við beiðnum um aðgang, ef umsækjandi samþykkir að greiða þann kostnað sem er umfram 650.000,- og stofngjald samkvæmt gjaldskrá alþjónustuveitandans.

Í gegnum tenginguna skal notandi skal geta hringt og tekið á móti innanlands- og útlandasímtölum, faxsendingum og hafa aðgang að almennum gagnaflutningi með að lágmarki 128 kb/s bitahraða.

Sömu viðmið skulu viðhöfð við uppfærslu á tengingu sem er fyrir hendi til að gera hana hæfa til flutnings á almennum gagnaflutningi með að lágmarki 128 kb/s bitahraða. Þá skal einnig styðjast við sömu kostnaðarviðmið við endurnýjun á eldri línunum sem notaðar hafa verið sem tenging við almenna talsímanetið.

2. 2.

Aðgangur að almenna talsímanetinu

Með vísun til 1. mgr. 20. gr., sbr. 19. gr. laga um fjarskipti nr. 83/2003, er Míla ehf. kt. 460207-1690 útnefnd með alþjónustuskýldu að því er varðar tengingu við almenna talsímanetið. Tengingin skal vera til þess fallin að hægt sé að bjóða almenna talsímaþjónustu sem og gagnaflutningsþjónustu með að lágmarki 128 kb/s flutningsgetu. Útnefningin nær til landsins alls.

Við mat á beiðnum um aðgang er fyrirtækinu heimilt að taka mið af þeim viðmiðunarmörkum sem sett eru í lið 1.

2.3.

Aðgangur að gagnaflutningsþjónustu með 128 kbs flutningsgetu

Með vísun til 1. mgr. 20. gr., sbr. 19. gr. laga um fjarskipti nr. 83/2003 er Síminn hf. kt. 500269-6779 útnefndur með alþjónustuskýldu að því er viðkemur gagnaflutningsþjónustu með 128 kb/s flutningsgetu. Útnefningin nær til alls landsins.

2.4.

Almenningssímar

Með vísun til 1. mgr. 20. gr., sbr. 19. gr. laga um fjarskipti nr. 83/2003 er Síminn hf. útnefndur með skyldu til að reka almenningssíma. Útnefningin nær til landsins alls. Fyrirtækið skal mæta öllum sanngjörnum kröfum um aðgang að almenningssímum að því er varðar útbreiðslu, fjölda og gæði þjónustu.

2.5. Öryrkjar

Með vísun til 1. mgr. 20. gr., sbr. 19. gr. laga um fjarskipti nr. 83/2003 eru Síminn hf. og [Já upplýsingaveitur ehf.] útnefnd með skyldu til að veita öryrkjum og notendum með sérstakar þjóðfélagsþarfir þá þjónustu sem fellur undir alþjónustu. Útnefningin nær til landsins alls. Fyrirtækin skulu verða við öllum sanngjörnum kröfum hagsmunasamtaka öryrkja sem leitast við að jafna aðgang félagsmanna þeirra að þeirri þjónustu sem fellur undir alþjónustu.

2.6.

Tímabil sem útnefningin tekur til

Útnefningartímabil þeirra alþjónustukvaða sem lagðar eru á fjarskiptafyrirtæki í ákvörðun þessari gildir frá og með 1. janúar 2012 og til og með 31. desember 2012. Heimilt er að framlengja útnefningartímabilið um eitt ár.

3.

Samráð og niðurstaða PFS

Með tilkynningu á heimasíðu PFS þann 25. nóvember 2011 kallaði stofnunin eftir samráði við hagsmunaaðila vegna fyrirhugaðrar útnefningar Símans hf. og Mílu ehf. með skyldu til að veita alþjónustu á starfsvæði sínu, sbr. kafli 2. í ákvörðun þessari. Frestur til að skila inn athugasemdum var veittur til 9. desember 2011.

Umsagnir bárust frá Símanum og Mílu og gera fyrirtækin ekki athugasemdir við að vera endurútnefnd með óbreyttar alþjónustukvaðir frá og með 1. janúar 2012 til og með 31. desember 2012 með mögulegri framlengingu í eitt ár, samkvæmt tilkynningu PFS þar að lútandi.

Með vísun til ofangreinds eru fjarskiptafyrirtækin Míla og Síminn útnefnd með óbreyttar alþjónustuskyldur, sbr. ákvörðun PFS nr. 25/2007.

Ákvörðunarorð

1. Alþjónustuskyldur Mílu ehf. kt. 460207-1690.

1.1. Kostnaður við hverja tengingu.

Allar beiðnir notenda um aðgang að almenna talsímakerfinu og aðgang að almennum gagnaflutningi með allt að 128 kb/s flutningsgetu skal skoða sem sanngjarnar af hálfu alþjónustuveitanda, ef áætlaður kostnaður við að verða við beiðninni fer ekki yfir 650.000- (án vsk.), á hverja tengingu og umsækjandi samþykkir að greiða stofngjald samkvæmt gjaldskrá alþjónustuveitanda.

Ef áætlaður kostnaður er meiri en 650.000-, skal alþjónustuveitandinn einnig verða við beiðnum um aðgang, ef umsækjandi samþykkir að greiða þann kostnað sem er umfram 650.000,- og stofngjald samkvæmt gjaldskrá alþjónustuveitandans.

Í gegnum tenginguna skal notandi skal geta hringt og tekið á móti innanlands- og útlandasímtölum, faxesendingum og hafa aðgang að almennum gagnaflutningi með að lágmarki 128 kb/s bitahraða.

Sömu viðmið skulu viðhöfð við uppfærslu á tengingu sem er fyrir hendi til að gera hana hæfa til flutnings á almennum gagnaflutningi með að lágmarki 128 kb/s bitahraða. Þá skal einnig styðjast við sömu kostnaðarviðmið við endurnýjun á eldri línunum sem notaðar hafa verið sem tenging við almenna talsímanetið.

1.2. Aðgangur að almenna talsímanetinu.

Með vísun til 1. mgr. 20. gr., sbr. 19. gr. laga um fjarskipti nr. 83/2003, er Míla ehf. útnefnd með alþjónustuskyldu að því er varðar tengingu við almenna talsímanetið. Tengingin skal vera til þess fallin að hægt sé að bjóða almenna talsímaþjónustu sem og gagnaflutningsþjónustu með að lágmarki 128 kb/s flutningsgetu. Útnefningin nær til landsins alls.

Við mat á beiðnum um aðgang er fyrirtækinu heimilt að taka mið af þeim viðmiðunarmörkum sem sett eru í lið 1.1.

2. Alþjónustuskyldur Símans hf. kt. 500269-6779.

2.1. Aðgangur að gagnaflutningsþjónustu með 128 kbs flutningsgetu.

Með vísun til 1. mgr. 20. gr., sbr. 19. gr. laga um fjarskipti nr. 83/2003 er Síminn hf. útnefndur með alþjónustuskyldu að því er viðkemur gagnaflutningsþjónustu með 128 kb/s flutningsgetu. Útnefningin nær til alls landsins.

2.2. Almennings símar.

Með vísun til 1. mgr. 20. gr., sbr. 19. gr. laga um fjarskipti nr. 83/2003 er Síminn hf. útnefndur með skyldu til að reka almennings síma. Útnefningin nær til landsins alls. Fyrirtækið skal mæta öllum sanngjörnum kröfum um aðgang að almennings símunum að því er varðar útbreiðslu, fjölda og gæði þjónustu.

2.3. Öryrkjar.

Með vísun til 1. mgr. 20. gr., sbr. 19. gr. laga um fjarskipti nr. 83/2003 er Síminn hf. útnefndur með skyldu til að veita öryrkjum og notendum með sérstakar þjóðfélagsþarfir þá þjónustu sem fyrirtækið veitir undir merkjum alþjónustu. Útnefningin nær til landsins alls.

Síminn hf. skal verða við öllum sanngjörnum kröfum hagsmunasamtaka öryrkja sem leitast við að jafna aðgang félagsmanna að alþjónustu.

3. Tímabil sem útnefningin tekur til.

Útnefningartímabil þeirra alþjónustukvaða sem lagðar eru á fjarskiptafyrirtæki í ákvörðun þessari gildir frá og með 1. janúar 2012 og til og með 31. desember 2012. Heimilt er að framlengja útnefningartímabilið um eitt ár.

4. Kæruheimild.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 19. desember 2011

Hrafnkell V. Gíslason

Friðrik Pétursson